




INNRA MAT Á STARFSEMI OPNA LEIKSKÓLA *peru*



EFNISYFIRLIT



01

Opni leikskólinn

02

Innra mat - Tilgangur og markmið

03




Matstæki

04-20

Niðurstöður og þarfagreining

21

Samantekt og lokaorð



OPNI LEIKSKÓLINN

Opni leikskóli Memmm er samþætt þjónusta við fjölskyldur, foreldra/forsjáraðila í fæðingarorlofi, í bið eftir dagvistun fyrir börn sín eða heimavinnandi með ung börn af öðrum ástæðum. Opni leikskólinn er einskonar fjölskyldumiðstöð þar sem sækja má almenna fræðslu, samverustundir og stuðning fagfólks í málefnum barna og fjölskyldna. Þjónusta Opna leikskólans er ókeypis, þarfnast ekki fyrirfram skráningar og er opin öllum. Hún spornar við félagslegri einangrun og eykur tengsl innan fjölskyldunnar, milli ólíkra hópa samfélagsins sem og milli kerfa, t.d. félagsþjónustu, leikskóla og heilsugæslu. Opni leikskólinn er rekin af félagasamtökunum Memmm í samstarfi við Reykjavíkurborg og Hafnarfjarðarbæ.

Fjölskylduvænt rými er sett upp fyrir foreldra og börn með efnivið sem hentar yngsta aldurshópnum (0 til 24 mánaða), leitast er eftir að hafa leikefni fjölbreytt og listasmiðju þar sem því er við komið. Söngstund er fastur liður og kaffi er í boði fyrir þá sem vilja.

Reglulega er boðið upp á fræðslu; meðal annars skyndihjálp barna, máltöku og málþroska ásamt um næringu ungra barna. Einnig stendur þátttakendum til boða að vera með fræðslu um málefni sem stendur þeim nærri.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar veitti verkefninu styrk til framþróunar árið 2022 sem gerði Memmm kleift að halda uppi starfsemi og þróa hana áfram. Opni leikskólinn hlaut í kjölfarið samstarfssamning við Velferðasvið til þriggja ára, frá janúar 2023 fram í lok desember 2025.

Á samningstímanum bættist við ein staðsetning innan Reykjavíkurborgar, í Aflagranda og þar með aukin þjónusta við fjölskyldur borgarinnar.

Í október 2024 var undirritaður samningur við Hafnarfjarðarbæ þar sem markmiðið var að styðja við innleiðingu opins leikskóla í íslensku samfélagi. Opni leikskólinn var með starfsemi sína einu sinni í viku á haustönn 2024 og tvisvar í viku á vorönn 2025.

Opni leikskóli Memmm er til húsa að Selhelli 7, Hafnarfirði.

Til upplýsinga má geta þess að frá og með aðalfundi í mars 2025 mun nafn félagasamtakanna breytast úr "Memmm Play" í "Memmm".

Dagskrá opna leikskólans 2024-2025



Dagskrá opna leikskóla
memmm play

MÁNUDAGAR
KLUKKAN 10-12
Selhella 7, Hafnarfirði
Leikur og samvera

ÞRIÐJUDAGAR
KLUKKAN 10-12
Samfélagshúsið
Aflagranda, Rvík
Leikur og Listasmiðja

MIDVIKUDAGAR
KLUKKAN 10-12
Borgar bókasafnið
Gerðubergji, Rvík
Leikur og Lestur

FIMMTUDAGAR
KLUKKAN 10-12
Selhella 7, Hafnarfirði
Leikur og samvera

OPNI LEIKSKÓLINN ER STYTTUR AF
Reykjavík | Hafnarfjarður



Sumardagskrá
- mán & mið -
10:00 - 13:00

2. júní: Hellisgerði
4. júní: Ylströndin

9. júní: Lokað (Hvítasunna)
11. júní: Elliðaárstöðin

16. júní: Hellisgerði
18. júní: Grasagarður

23. júní: Hellisgerði
25. júní: Grill í Gufunesbæ

30. júní: Grill á Viðistaðartúni

Opni leikskóli memmm

INNRA MAT TILGANGUR OG MARKMIÐ

Mat á starfsemi opna leikskólans samanstendur af rafrænni þjónustukönnun, samantekt á mætingaskráningu og umsögnum þeirra gestgjafa sem hýsa starfseminu á vegum Reykjavíkurborgar. Í Hafnarfirði er húsnæði ekki samnýtt með öðrum og því umsögn frá gestgjafa í Hafnarfirði.

Tilgangur innra mats er að rýna í upplifanir og þarfir notenda þjónustunnar, og þróa og stækka starfseminu í takt við þær. Einnig að eiga reglulegt, formlegt samtál við gestgjafa opna leikskólans til þess að tryggja farsælt samstarf.

Starfsfólk opna leikskólans heldur úti mætingarskráningu með það að markmiði að fylgjast með umfangi starfseminnar og fjölbreytileika hópsins sem nýtir sér hana.

Starfsemi opna leikskólans fellur vel að skilgreiningu samfélagslegrar nýsköpunar (e. social innovation) að því leiti að hún er unnin í virku samstarfi notenda, Memmm og þeirra bæjarfélaga sem styðja starfið og bjóða upp á fyrir fjölskyldur. Mikilvægt er að eiga gott og reglulegt samtál við notendur og fulltrúa þeirra bæjarfélaga sem koma beint að starfseminni. Með því tryggjum við farsæla þróun opna leikskólans með þarfir allra hagsmaðila að leiðarljósi.



My child is extremely social, she needed to get out of home and play with others. I like the way you (Memmm) setup the space, area focusing on gross motor skills and separate area for fine motor skills.

Um opna leikskólann - svar úr þjónustukönnun 2025

MATSTÆKI



Mætingaskráning

Þau sem mæta í opna leikskólann eru hvött til þess að skrá mætingu. Starfsfólk sér um að minna á skráninguna og gengur á milli, býður fólk velkomið og tekur eftirfarandi skráningu:

- Nafn foreldris/forsjáraðila
- Tengsl við barn
- Nafn barns
- Fyrsta skiptið
- Búseta/Póstnúmer
- Leyfi til deilingar á myndefni



Þjónustukönnun

Þjónustukönnun samanstendur af krossaspurningum, kvarðaspurningum og spurningum sem þarf að svara skriflega. Hluti spurninganna er valkvæður. Engum persónugreinanlegum gögnum er safnað og könnunin er nafnlaus.



Skrifleg umsögn gestgjafa

Á hverju ári óskar Memmm Play eftir skriflegri umsögn frá gestgjöfum opna leikskólans. Umsögnin er í formi textaskjals sem berst með tölvupósti.

NIÐURSTÖÐUR OG ÞARFAGREINING

Mætingaskráning 2024-2025

TEKIÐ SAMAN HVE MARGIR NÝTA SÉR OPNA LEIKSKÓLANN Á HVERJUM OPNUNARTÍMA. HVERJUM FULLORÐNUM ÞÁTTTAKENDA FYLGIR OFTAST EITT BARN EN ÞÓ STUNDUM TVÖ BÖRN.

BORGARBÓKASAFNIÐ GERÐUBERGI, REYKJAVÍK

MEÐALTAL FULLORÐINNA	HLUTFALL KARLA -FAÐIR/AFI	HLUTFALL M. ANNAN MENNINGAR- OG TUNGUMÁLABAKGRUNN
34	28%	28%

SAMFÉLAGSHÚSIÐ AFLAGRANDA, REYKJAVÍK

MEÐALTAL FULLORÐINNA	HLUTFALL KARLA -FAÐIR/AFI	HLUTFALL M. ANNAN MENNINGAR- OG TUNGUMÁLABAKGRUNN
44	35%	22%

SAMFÉLAGSHÚSIÐ BÓLSTAÐARHLÍÐ 43, REYKJAVÍK

MEÐALTAL FULLORÐINNA	HLUTFALL KARLA -FAÐIR/AFI	HLUTFALL M. ANNAN MENNINGAR- OG TUNGUMÁLABAKGRUNN
17	26%	37%

SELHELLA 7, HAFNARFIRÐI

MEÐALTAL FULLORÐINNA	HLUTFALL KARLA -FAÐIR/AFI	HLUTFALL M. ANNAN MENNINGAR- OG TUNGUMÁLABAKGRUNN
26	28%	44%

Mætingaskráning 2024-2025

MEÐALTAL FJÖLDA FULLORÐINNA ER MÆTA Í HVERT SKIPTI
-ÓHÁÐ STAÐSETNINGU-

NIÐURSTÖÐUR 2024-2025

30

33%

31%

NIÐURSTÖÐUR 2023-2024

38

24%

23%

Ánægjulegt er að sjá að alltaf fjölgar notendum. Árið 2024-2025 mættu að meðaltali 144 fullorðnir í hverri viku en árið 2023-2024 voru það að meðaltali 120 fullorðnir í hverri viku. Hverri fullorðinni manneskju fylgir oftast eitt barn þó stundum tvö. Þess má geta að með hverri nýrri staðsetningu fjölgar þeim er nýta sér þjónustu opna leikskólans.

Haustið 2024 bættist við fjórða staðsetningu opna leikskólans. Undirritaður var samstarfssamningur við Hafnarfjarðarbæ í október 2024.

Teknar voru saman skráningartölur eftir staðsetningum til þess að fá sem besta mynd af þátttöku eftir hverfum. Starfsemi opna leikskólans í Bólstaðarhlíð fer fram eftir hádegi en á hinum staðsetningunum fyrir hádegi.

Þátttaka karla hækkar frá 24% í 33%. Auk foreldra koma einnig ömmur og afar, au-pair, dagmæður, frænkur og frændur með börnunum í opna leikskólann.

Ánægjulegt er að sjá að hlutfalla foreldra sem hafa annan menningar- og tungumálabakgrunn en íslensku hækkar til muna, úr 23% veturinn 2023-2024 í 31% árið 2024-2025. Enn er unnið að því að mæta sem breiðustum hópi fjölskyldna til dæmis með auknu samstarfi við Heilsugæsluna í Efra Breiðholti og samstarfi við Samræmda Flóttamannamóttöku Reykjavíkur.

Í Hafnarfirði er hæst hlutfall fjölskyldna með annan menningar- og tungumálabakgrunn en íslensku. Það má leiða líkum að því að staðsetningin hafi þar áhrif þar sem opni leikskólinn er í göngufæri við búsetukjarna fjölskyldna á flóttu.

Þjónustukönnun vorönn 2025

Þjónustukönnun opna leikskólans er rafræn og er lögð fyrir einu sinni á ári, þá er henni deilt á samfélagsmiðlum Memmm, Facebook og Instagram. Hægt er að opna þjónustukönnunina á íslensku eða ensku. Núverandi notendur, sem og þau sem nýtt hafa þjónustuna áður eða hafa áhuga á að nýta hana í framtíðinni eru hvött til þess að svara. Könnun skólaársins 2024-2025 var opin á tímabilinu 15. til 22. maí 2025 og var notast við þjónustu Google (Eyðublöð). Könnunin er nafnlaus og engum persónugreinanlegum gögnum er safnað.

Hér í kjölfarið verða birtar niðurstöður könnunarinnar í heild. Vakin er athygli á því að til þess að forðast endurtekningar eru ekki öll skriflegu svörin birt, einungis þau svör sem draga best saman heildarsvörin.

Þau skriflegu svör sem gefa til kynna þörf á umbótum verða útlustuð í umbótalið þess kafla skýrslunnar, ásamt öðrum óskum svarenda.

Vert er að taka fram að hingað til hafa óskir og þarfir notenda til umbóta rímað við sýn Memmm á þá gríðarlegu þörf fyrir þjónustu við fjölskyldur yngstu barna samfélagsins. Erfitt er að benda á almenna ókeypiss þjónustu á vegum ríkis og sveitarfélaga fyrir þennan viðkvæma hóp, en trúfélög hafa að mestu leyti séð um þennan málaflokk til margra ára.


NIÐURSTÖÐUR ÞJÓNUSTUKÖNNUNAR VOR 2025

FJÖLDI SVARA SAMANLAGT	HLUTFALL KK OG ÖNNUR KYN	BÚSETA REYKJAVÍK	BÚSETA HAFNARFJÖRÐUR
117	16%	64%	11%
NIÐURSTÖÐUR VOR 2024			
94	7,9%	65%	




NIÐURSTÖÐUR

HVERT ER KYN ÞITT?




- Kona
- Karl
- Kvár
- Annað
- Vel að svara ekki




- Female
- Male
- Non-binary
- Other
- I prefer not to answer

HVAR HEYRÐIR ÞÚ FYRST UM MEMMM?




- Á samfélagsmiðlum
- Hjá vini/vinkonu/ættingja
- Auglýsing á Heilsugæslunni
- Hjá hjúkrunarfræðingi í ungbarnavernd
- Frá öðrum foreldrum
- borgarbokasafn.is
- Við leit af afþreyingu fyrir okkur á netinu




- On social media
- From a friend/family member
- At the The Health care clinic (Heilsugæslan)
- From a nurse during the post natal care
- Other parent
- host family
- Birth center from Emma

HVER ER ALDUR ÞINN?




- undir 18 ára
- 18 - 20
- 21 - 30
- 31 - 40
- Eldri en 40




- under 18
- 18 - 20
- 21 - 30
- 31 - 40
- Over 40

HVER ER ALDUR BARNIS EÐA BARNNA SEM SÆKIR/SÓTTI OPNA LEIKSKÓLANN?




- 0-6 mánaða
- 7-12 mánaða
- 13-18 mánaða
- 19-24 mánaða
- Eldri en 2ja ára
- Var mest á haustönn 2024, var hann 7-12 mánaða. Hef komið nokkrum sinnum eftir júl þá var hann 13- 18 mánaða
- 8-16 mánaða




- 0-6 months
- 7-12 months
- 13-18 months
- 19-24 months
- over 2 years old



HVERT ER ÞITT HEIMALAND? (ÚR KÖNNUN Á ENSKU)



HVE LENGI HEFUR ÞÚ BÚIÐ/DVALIÐ Á ÍSLANDI? (ÚR KÖNNUN Á ENSKU)




HEFUR ÞÚ MÆTT Í OPNA LEIKSKÓLANN?




“Okkur finnst alltaf gaman að koma, sonur minn unir sér alltaf vel þó hann sé ennþá að læra samskipti við önnur börn :)”

Um þarfir notenda - svar úr þjónustukönnun 2025

HVERNIG FINNST ÞÉR SKIPULAG DAGSKRÁR OPNA LEIKSKÓLANS?




- Mjög gott
- Gott
- Hvorki/né
- Slæmt
- Mjög slæmt
- Hef ekki mætt




- Very good
- Good
- Fair
- Poor
- Very poor
- I have not attended

AD HVE MIKLU LEYTI FINNST ÞÉR VERA ÞÖRF Á STARFSEMI EINS OG OPNA LEIKSKÓLANUM?




- Mjög mikil þörf
- Mikil þörf
- Hvorki né / hlutlaus
- Lítill þörf
- Óþarfi




- Strongly agree
- Agree
- Neutral
- Disagree
- Not needed at all

AD HVE MIKLU LEYTI ÞYKIR ÞÉR MIKILVÆGT AD FÁ OPINN LEIKSKÓLA Í ÞITT NÆRUMHVERFI?




- Mjög mikilvægt
- Frekar mikilvægt
- Hvorki né/ hlutlaus
- Óþarfi




- Very important
- Important
- Neutral
- Not important at all

Í HVAÐA BÆJARFÉLAGI BYRÐ ÞÚ?




- Reykjavík
- Kópavogi
- Hafnarfirði
- Mosfellsbæ
- Garðabæ
- Seltjarnarnesi
- Álftanesi
- Utan höfuðborgarsvæðisins
- Selfoss




- Reykjavík
- Kópavogur
- Hafnafjörður
- Mosfellsbær
- Garðabær
- Seltjarnarnes
- Álftanes
- Vogar


ÆÐ HVE MIKLU LEYTI FINNST ÞÉR OPNI LEIKSKÓLINN MIKILVÆGUR FYRIR FÉLAGSÞROSKA BARNINS ÞÍNS? 1 ÓÞARFI - 5 MJÖG MIKILVÆGUR




HOW BENEFICIAL DO YOU CONSIDER THE OPEN PRESCHOOL TO BE, FOR YOUR CHILD'S SOCIAL DEVELOPMENT? 1 ÓÞARFI - 5 MJÖG MIKILVÆGT




ÆÐ HVE MIKLU LEYTI FINNST ÞÉR OPNI LEIKSKÓLINN MIKILVÆGUR FYRIR MÁLÞROSKA BARNINS ÞÍNS? 1 ÓÞARFI - 5 MJÖG MIKILVÆGUR




HOW BENEFICIAL DO YOU CONSIDER THE OPEN PRESCHOOL TO BE, FOR YOUR CHILD'S LANGUAGE DEVELOPMENT? 1 ÓÞARFI - 5 MJÖG MIKILVÆGT



HEFÐIR ÞÚ ÁHUGA Á AÐ TAKA ÞÁTT Í SKIPULÖGÐU NOTENDASTÝRÐU STARFI Á VEGUM MEMMM?



- Já ég hefði mikinn áhuga
- Nei það væri óþarfi fyrir mig/mína fjölskyldu
- Hvorki né



- Yes, I would be very interested
- No, that does not interest me
- I have no opinion

ERT ÞÚ MEÐ TILLÖGU AÐ NOTENDASTÝRÐU STARFI SEM MEMMM GÆTI BOÐIÐ UPP Á UTAN OPNA LEIKSKÓLANS?

“Education on how to notice and what to do if you suspect your child needs aid due to slow development or possible disability.”

“Talkennsla, fæðingarþunglyndi og einvera eftir fæðingu.”

“Sleeping, solid foods.”

“International parents in Iceland. How survive as a parent without further family in Iceland.”

“Stuðningur eftir fæðingu hefði gert minni konu gott”

“Eitthvað tengt fjölmenningu og börnum.”

“Hreyfiproski barna.”


“Ég get varla lýst því með orðum hvað ég er þakklát að hafa uppgötvað Opna leikskólann, vildi að ég hefði farið fyrr. Svo gott fyrir okkur bæði (foreldri og barn) að hitta aðra.”

Um þarfir notenda - svar úr þjónustukönnun 2025




AÐ HVE MIKLU LEYTI FINNST ÞÉR MIKILVÆGT AÐ HITTA AÐRA FORELDRA/FJÖLSKYLDUR Í OPNA LEIKSKÓLA MEMMM? 1 ÓÞARFI - 5 MJÖG MIKILVÆGT

88 svör



HOW IMPORTANT IS IT FOR YOU TO MEET OTHER PARENTS/FAMILIES AT THE OPEN PRESCHOOL? 1 ÓÞARFI - 5 MJÖG MIKILVÆGT

29 svör



“My daughter loves Memmm, her favorite part is singing. Every evening before sleep she tries to sing one of the songs she hears there.”

Um þarfir notenda - svar úr þjónustukönnun 2025

Upplifun svarenda af fræðsluerindum

EFTIRFARANDI SETNINGAR ERU TEKNAR Í HEILD EÐA AÐ HLUTA TIL ÚR ÞEIM SVÖRUM SEM FALLA UNDIR UPPLIFANIR FORELDRA OG FORRÁÐAMANNA AF FRÆÐSLUERINDUM OPNA LEIKSKÓLANS.

“Já og það var sett upp vel. Ekki of langt og áhugavert.”

“Það var þínu erfitt. Fór á fyrirlestur um málproska í Gerðubergi. Þar er mikið opið rými og drengurinn fór út um allt á meðan fræðslunni stóð. Rýmið í Hfj. hentar betur fyrir fræðslu.”

“Nauðsynlegt til að geta mætt (foreldrar og börn saman) en þarf þá að vera stutt til að börn séu þokkalega friðsamleg.”

“Vel, fræðsluhaldari höndlaði barnafjöldan vel (skyndihjálp)”

“I was on one event. Couldn't hear all of parts because my daughter runaway. Organising and idea was perfect. Parents with younger children of course had opportunity to hear everything.”

“It worked perfectly for me for the 2 seminars I've attended although the topics discussed were not necessarily of interest to me so I didn't mind dipping in and out to check on my children (was necessary only at Gerðurberg).”

EFTIRFARANDI SVÖR ERU TILLÖGUR NOTENDA AÐ FRÆÐSLUERINDUM ER MYNDU GAGNAST ÞEIM OG ÞEIRRA FJÖLSKYLDUM. TÍÐNI LÍKRA EÐA EINS SVARA ERU FYRIR FRAMAN.

14	Næring barna	12	Fyrsta hjálp
12	Uppeldi	5	Máltaka/málproski
5	Leikir	2	List með börnum
2	Proski barna	2	Skjánotkun

UMSAGNIR ÞÁTTTAKENDA

“Memm play hefur verið dýrmætur staður fyrir barnið mitt að hitta önnur börn og auka fjölbreytni í daglegt líf sem auðveldlega verður einsleitt (sérstaklega á vetrarmánuðum) Einnig gerir það mikið fyrir geðheilsu foreldris að komast í nýtt umhverfi og hitta annað fólk og að hafa fastan punkt í hverri viku.”

“Í þau fáu skipti sem við höfum mætt (búum utan höfuðborgarsvæðisins), hefur okkur fundist afskaplega gott að koma og vera meðal jafnaldra barnsins. Það að fá að vera hluti af hópi og vera velkomin er fyrst og fremst dásamlegt. Bæði börn og forráðamenn njóta góðs af starfinu hjá ykkur og eigið þið því skilið mikið hrós fyrir að láta Memmm verða að veruleika.”

“Memmplay bjargaði fæðingarorlofinu og veitti barninu mínu og mér félagslega örvun.”

“Var í orlofi með tvíbura og einangraðist við það. Fannst krefjandi að fara með þá út. En það að mæta í memmm bjargaði geðheilsunni minni. Takk fyrir starfseminu ykkar.”

“I feel having a service as well organized and and consistent as Memmm in every neighborhood is essential to the socialisation of children of foreign origin here in Iceland. As well as being able to interact with other parents and families in similar circumstances, Icelandic families who join also gain from seeing Iceland through the eyes of others and our children can all interact together. Before my children gained entry to leikskóli, memmm was essential for me as a means of having a schedule while on maternity leave and forced me to leave the house and lessened my ppd symptoms, if only temporarily.”

“My son started to walk as soon as he saw other kids and copying everything”

“I really enjoy going to Memmm Play with my 18-month-old son. I can't imagine what it would be like if Memmm didn't exist. It has helped me so much to have Memmm in our community. It's been wonderful to talk with other parents, for my child to meet other children, and to connect with the caring and supportive Memmm organizers who create a welcoming space for both parents and kids.”

“Það er gott að mæta en stundum er of mikið af fólki og það er of mikið áreiti fyrir sum börn.”

“It's been amazing attending with my 2 year old, he can be around other children speaking Icelandic before he's put into nursery. It's super important for babies/toddlers to interact before heading into education.”

“Verkefnið er frábært í alla staði. Fyrir utan að brjóta upp daginn þá er möguleikinn að mæta hvernig sem er og gera hvað sem er þessa tvo tíma svo frábær. Sem orlofs pabbi, þá getur verið erfitt að fylla daginn að einhverju uppbyggilegu og gefandi fyrir barnið. Að starf sé í boði þar sem barninu hlakkar ótrúlega til að mæta er best í heimi.”

ÞARFAGREINING

FLEST ÞAU SVÖR SEM BÁRUST OG SNÚA AÐ ÞÖRFUM NOTENDA ERU HÉR DREGIN SAMAN. TÍÐNI LÍKRA EÐA EINS SVARA ERU FYRIR FRAMAN. TALIN ERU SAMAN SVÖR ÚR BÆÐI KÖNNUN Á ÍSLENSKU OG Á ENSKU TIL ÞESS AÐ FÁ SKÝRA HEILDARMYND. AÐRAR ÞARFIR SVARENDA MÁ SJÁ Á NÆSTU SíÐU.

12

Fjölbreyttari
tímasetningar

10

Fleiri staðsetningar

8

Lengri opnunartími

6

Fleiri opnunardagar

2

Aldursskipting

1

Útileiksvæði

1

Útistarf

1

Helgaropnun

“My kid loved the open pre-school and it gave our days and weeks a good flow to have an activity scheduled before naptime while we were waiting for a space in regular kindergarten.”

Um þarfir notenda - svar úr þjónustukönnun 2025



Tillögur svarenda til umbóta

EFTIRFARANDI SETNINGAR ERU TEKNAR Í HEILD EÐA AÐ HLUTA TIL ÚR ÞEIM SVÖRUM SEM FALLA UNDIR ÞARFAGREININGU OG TILLÖGUR TIL UMBÓTA MARGT AF ÞVÍ SEM KEMUR FRAM ER Á DAGSKRÁ TIL UMBÓTA, ANNAÐ ER HÁÐ FJÁRMAGNI OG SAMSTARFI VIÐ SVEITARFÉLÖG OG VERÐUR ÁFRAM Í VINNSLU.



"Ég kem reglulega á alla staði með son minn og okkur finnst það frábært. Mjög mikilvægt fyrir hann að leika sér með jafnöldrum sínum."

Um þarfir notenda - svar úr þjónustukönnun 2025

"Fínt skipulag og staðsetning. Gott að hafa þetta mikið pláss fyrir börnin til að hlaupa um og bækurnar í Gerðubergi eru spennandi fyrir mörg börn. Spennandi dót er líka mjög mikilvægt."

"Það er greinilega mikil þörf því stundum eru of margir. Því væri gott að stækka, vera á fleiri stöðum og hafa fyrir og eftir hádegi svo það henti öllum aldri."

"Einungis ef þetta heldur áfram að stækka og leikskólamál halda áfram að vera erfið þá kannski aldursskiptingu"

"Væri gaman ef hver og einn getur sótt opna leikskólan í sínu hverfi og þar af leiðandi minni hópar og kynnist jafn vel fólki og fjölskuldum betur sem eru búsett í sama hverfi."

"It would be great if it was every day here in Reykjavík."

"Definitely more locations. I live in Garðabær and before Memmm expanded to Hafnarfjörður, I was driving twice a week to Reykjavík. The option to walk to a location would have been wonderful!"

"It would also be great to have something maybe once a week during school holidays. Now my children are in leikskóli, they miss out on all the amazing benefits of Memmm."

UMSÖGN SAMSTARFSAÐILA

Samfélagshúsið Bólstaðarhlíð

Samstarf við Memmm Play hófst þegar ungur faðir kíkta til okkar í Samfélagshúsið í Bólstaðarhlíð og var að segja okkur að hann færi einu sinni í viku með barnið sitt alla leið upp í Breiðholt til að geta sótt Memmm play. Hann talaði um að hann vildi síður sækja „foreldramorgna“ í kirkjuna. Honum leist svo vel á húsnæðið hér og stakk upp á að við mundum tala við þær stöllur Kristínu og Helgu í Memmm Play og athuga hvort þær gætu komið til okkar líka. Þetta var upphafið af hverju Memmm Play hóf starfsemi í Samfélagshúsinu Bólstaðarhlíð 43. Núna síðast liðin ár hefur Memmm Play verið með fasta viðveru í húsinu hjá okkur einu sinni í viku. Auk þess hafa þau haldið ýmsa viðburði, námskeið og smíðjur fyrir fjölskyldur. Þessar skipulögðu fjölskyldustundir eru haldnar hér á mánudögum eftir hádegi. Samstarfið við Memmm Play hefur alltaf gengið mjög vel við erum að reyna að kynna Samfélagshúsið út á við og fá inn nýtt fólk til okkar á öllum aldri og hefur það tekist mjög vel með þessu verkefni. Svo er svo gaman að tengja saman ólíka aldurshópa, meðalaldur þátttakanda í félagsstarfinu er frekar hár og finnst elstu kynslóðinni svo gaman að fá börnin inn í húsið og taka t.d. þátt í söngstund með þeim. Mætingin í fjölskyldustundirnar hefur verið mjög góð og yndislegt að fá þau í hús á mánudögum. Einnig hefur leikaðstaðan sem þær settu upp nýst vel fyrir gesti og gangandi á opnunartíma Samfélagshúsins. Bæði hafa foreldrar sem eru í fæðingarorlofi nýtt sér herbergið til að breyta um umhverfi og „ömmur og afar“ í húsinu og nánasta umhverfi mætt með barnabörnin að leika í herberginu. Núna í júní eru Memmm Play fjölskyldustundirnar haldnar úti og hefur fólk í húsinu alveg tekið eftir því og er að spyrja „hvar eru litlu krakkarnir núna?“, „Gerir svo mikið fyrir alla hvort sem það eru krakkarnir sjálfir og ekki síður foreldrar þeirra og síðast en ekki síst fyrir elstu kynslóðina sem virkilega metur það að hafa líf og fjör í kringum sig.

Ragnildur Þorsteinsdóttir, verkefnastjóri Bólstaðarhlíð 43

Júní 2025

UMSÖGN SAMSTARFSADILA

Borgarbókasafnið Gerðubergi

Opni leikskólinn Memmm hefur verið til húsa í Gerðubergi í nokkur ár. Eftir því sem verkefnið hefur vaxið hefur það færst til í húsinu.

Frá því í nóvember 2023 hefur Opni leikskólinn verið inni á Borgarbókasafninu í Gerðubergi. Bókasafninu er breytt og rýmið opnað svo börn og foreldrar njóti sín sem best. Sérfræðingur í barnastarfi á bókasafninu er með sögustund sem hluta af dagskránni sem boðið er upp á.

Það er virkilega gefandi að hafa fengið að fylgjast með starfi Opna leikskólans Memm. Mikill fjöldi sækir opna leikskólann í hverri viku og hefur það haft mikil áhrif á notendahópinn í Gerðubergi. Margir umönnunaraðilar eru í gegnum Memmm að kynnst bókasafninu í fyrsta sinn og hefur gestafjöldinn á bókasafnið aukist og fleiri eru með bókasafnskort. Í gegnum Memm kynnst foreldrar rýminu og eru að nýta það einnig á eigin vegum á öðrum tímum.

Samstarfið við Memm rýmar vel við stefnu Borgarbókasafnsins þar sem áhersla er lögð á samstarf við félagasamtök, hópa og fleiri sem vinna í þágu almennings. Sjá nánar hér: <https://borgarbokasafn.is/stefnur-og-starfsaetlanir/stefna-borgarbokasafnsins-2021-2024>

Þess má geta að mikið af fastagestum í Gerðubergi eru eldri borgarar. Þeim hefur einnig þótt það afar ánægjulegt að sjá ungvíðið skriða um á safninu og höfum við ítrekað fengið að heyra hversu skemmtilegt líf þetta skapi í húsinu.

Ilmur Dögg Gísladóttir
Deildarstjóri Borgarbókasafnið Gerðubergi
Júní 2025

UMSÖGN SAMSTARFSADILA

Samfélagshúsið Aflagranda 40

Það hefur svo sannarlega verið lyftistöng fyrir Samfélagshúsið að fá Opna leikskólann í húsið. Það hefur gætt húsið meira lífi sem og glatt eldra fólkið sem kemur til okkar. Það eru allir mjög ánægðir með veru þeirra og einnig hefur aukist að fá yngra fólkið til okkar. Bæði foreldrar og ömmur og afar hafa verið að koma á öðrum tímum með krílin sín.

Samstarfið hefur hingað til verið mjög gott og vonum við að þær verði hér áfram hjá okkur og geti jafnvel bætt við viðveruna. Opni leikskólinn er að gera frábæra hluti enda mjög faglegt starf sem er mikilvægt fyrir samfélagið.

Helga Ösp Jóhannsdóttir
Verkefnastjóri Aflagranda 40
Mars 2025

SAMANTEKT OG LOKAORÐ

Eins og niðurstöðurnar sýna er mikil ánægja með starfsemi opna leikskóla Memmm í þeirri mynd sem hann er í dag. Einnig eru margar góðar tillögur til framþróunar og snúa þær helst að því að starfsemin vaxi og eflist. Þar má helst nefna fleiri staðsetningar og lengri og fjölbreyttari opnunartíma. Hvað varðar fræðslufyrirkomulag má sjá að foreldrar kalla eftir fleiri leiðum til þess að ná betur því sem kemur fram í fræðsluerindunum, svo sem streymi eða glærur og verður það reynt eftir fremsta megni.

Í skráningartölum fyrir árið 2024-2025 má sjá að starfsemi opna leikskólans er að ná til fjölbreyttari hóps foreldra og annarra forráðamanna en árið áður. Ánægjulegt er að sjá að með nýrri staðsetningu í haust fjölgar í þeim hópi sem nýtir sér opinn leikskóla. Það speglar vilja fjölskyldna að fá þjónustuna í sitt hverfi. Ný staðsetning, nýjar fjölskyldur. Á árinu komu nokkrar fjölskyldur sem hafa áður komið í opna leikskólann með fyrsta barn og eru nú að mæta með annað barn sitt. Það má leiða líkum að því að opni leikskólinn sé að verða þekkt þjónusta og sé að festa sig í sessi.

Opni leikskólinn er vel til þess fallinn að bjóða fólki með annan menningar- og tungumálabakgrunn en íslensku til inngildandi og bjóðandi samveru og aðlagast íslensku samfélagi og málumhverfi.

Það að bjóða fjölskyldum upp á gjaldfrjálsan og inngildandi vettvang til samveru og tengsla er gríðarlega mikilvægt í nútíma samfélagi. Samfélag fjölskyldna er fjölbreytt bæði er varðar uppruna, trú, lífsskoðanir og efnahag. Það er dýrmætt að þessi fjölmenni hópur komi saman á vettvangi opna leikskólans, tengist og deili reynslu sinni.

Vegna stöðu leikskólamála á höfuðborgarsvæðinu eru börn heima lengur en áður var og lýsa fjölskyldur oft þakklæti sínu fyrir vettvang opna leikskólans. Því er gríðarlega mikilvægt að veita þessum hópi stuðning.

Það er ósk okkar í Memmm að starfsemi opna leikskólans fái að vaxa og dafna á Íslandi, öllum til forsældar.